



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til upplýsingalaga, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 502 – 381. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til upplýsingalaga. Upplýsingalögin frá 1997 hafa verið endurskoðuð og er þetta frumvarp niðurstaða starfshópsins. Með lögnum er m.a. upplýsingaréttur almennings einfaldaður, upplýsingaskyldan útvíkkuð og markmið laganna skilgreint með þeim hætti að þeim sé ætlað að tryggja gegnsæi í stjórnsýslunni.

Mannréttindaskrifstofan fagnar þessu lagafrumvarpi og telur að með því verði réttur almennings til upplýsinga frá stjórnvöldum einfaldari og auðveldari þar sem það er ekki lengur alfarið á ábyrgð þess sem leitar upplýsinganna að tilgreina nákvæmlega það mál sem hann óskar upplýsinga um, oft getur það reynst erfitt þar sem upplýsingar um þau mál sem eru til meðferðar hjá stjórnsýslunni eru ekki aðgengilegar almenningsi. Í 15. gr. frumvarpsins er að finna breytingu frá 10. gr. núgildandi upplýsingalaga, þar er einstaklingi aðeins falið að tilgreina efni máls þess sem hann óskar upplýsinga um, stjórnvaldið sjálft verður svo að ákvarða hvaða einstaka mál um ræðir. Með þessu verður eftirlitshlutverk almennings með stjórnsýslunni eftl og réttaröryggi aukið.

Mannréttindaskrifstofan vill koma eftirfarandi á framfæri.

Rétturinn til upplýsinga er ekki verndaður beinum orðum í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 eða í neinum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Hann hefur þó að vissu marki verið talinn felast í 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) þar sem segir m.a. í fyrsta tölulið; *Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum.....* Mannréttindadómstóll Evrópu hefur þó ekki talið að í þessu ákvæði felist að ríki eigi að taka saman og birta upplýsingar og er enn nokkuð óljóst að hve miklu leyti upplýsingaréttur almennings er verndaður skv. ákvæðinu. Upplýsingafrelsið er þó talið vera einn af meginþáttum tjáningarfrelsisins þar sem með því að taka við upplýsingum getur einstaklingur frekar myndað sér skoðun um ákveðin málefni og tjáð hana. Með upplýsingalögnum hefur íslensk löggjöf gengið lengra en MSE gerir kröfu um en segja má að með því sé verið að vernda lýðræðislega stjórnarhætti og er það lofsvert. Með því að endurskoða og uppfæra upplýsingalögin er því verið að standa vörð um lýðræðislega stjórnarhætti og tjáningarfrelsið sem verndað er í 73. gr. stjórnarskrárinnar, MSE og öðrum mannréttindasamningum sem að Ísland er aðili að.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindaskrifstofan telur það einnig jákvætt að ákveðin verði ein samræmd gjaldskrá fyrir öll þau stjórnvöld sem hugsanlega koma til með að veita upplýsingar. Það gæti leitt til ákveðins ósamræmis og mismununar, sérstaklega milli sveitarfélaga, ef slíkt væri gefið frjálst. Mannréttindaskrifstofan vill áréttta að gjaldtöku vegna prentunar, afritunar eða annars sem gjald verður tekið fyrir verði haldið í lágmarki til þess að tryggja það að allir geti átt möguleika á að óska eftir upplýsingum um mál stjórnslunnar.

Enn fremur ber að minna á það jafnvægi sem þarf að vera á milli almenns upplýsingaréttar almennings og friðhelgi einkalífs einstaklings, heimilis hans og fjölskyldu. Ljóst er að við mat á því hvort upplýsingar eigi að vera aðgengilegar verður að taka tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru verði upplýsingarnar veittar og þeim hagsmunum sem mæla með birtingu upplýsinganna. Slíkt er, þegar lagareglum sleppir sem t.d. takmarka aðgang að viðkvæmum upplýsingum, mat stjórnvalda og verður að ítreka að við slíkt mat hafi stjórnvöld ákvæði stjórnarskrárinnar, sérstaklega ákvæði 71. og 73. gr., og stjórnslulög nr. 37/1993 að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri